

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 643/2006

frá 27. apríl 2006

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1622/2000 þar sem mælt er fyrir um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins og settar Bandalagsreglur um vínfræðilegar vinnsluáðferðir og vinnslu og reglugerð (EB) nr. 884/2001 þar sem mælt er fyrir um ítarleg framkvæmdarákvæði varðandi fylgiskjöl vegna flutnings á vínafurðum og skrár sem þarf að halda innan vingeirans

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

1. gr.

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999 frá 17. maí 1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 46. gr. og 3. mgr. 70. gr.,

Reglugerð (EB) nr. 1622/2000 er hér með breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi 15. gr. a bætist við:

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

„15. gr. a

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1622/2000 ⁽²⁾ er mælt fyrir um takmarkanir og tiltekin skilyrði fyrir notkun tiltekinna efna sem heimiluð eru samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1493/1999. Takmarkanir á notkun þessara efna eru skráðar í IV. viðauka við þá gerð. Vegna þess að L-askorbínsýru og dímetýldíkarbónati hefur verið bætt við skrána yfir leyfilegar vínfræðilegar vinnsluáðferðir í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 skal mæla fyrir um takmarkanir og skilyrði fyrir notkun þessara efna.

Dímetýldíkarbónat

Viðbót dímetýldíkarbónats, sem kveðið er á um í zc-lið 3. liðar IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999, er aðeins heimil innan markanna sem mælt er fyrir um í IV. viðauka við þessa reglugerð og ef hún uppfyllir kröfurarnar í IX. viðauka a við þessa reglugerð.“

2) Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 884/2001 ⁽³⁾ er mælt fyrir um reglur um það að halda innfærslu- og útfærsluskrár og einkum kveðið á um að tilteknar aðgerðir skuli tilgreindar í skránum. Vegna þeirra tilteknna einkenna, sem viðbót dímetýldíkarbónats kallar fram í vini, er skylt að tilgreina notkun þess í skránum.

2. Í stað IV. viðauka komi I. viðauki við þessa reglugerð.

3. Texti II. viðauka við þessa reglugerð bætast við sem IX. viðauki a.

3) Því ber að breyta reglugerðum (EB) nr. 1622/2000 og (EB) nr. 884/2001 til samræmis við þetta.

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við fyrstu undirgrein 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 884/2001:

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnarnefndarinnar um vín.

„—viðbótar dímetýldíkarbónats (DMDC) í vín“.

3. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 179, 14.7.1999, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2165/2005 (Stjtið. ESB L 345, 28.12.2005, bls. 1).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 194, 31.7.2000, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1163/2005 (Stjtið. ESB L 188, 20.7.2005, bls. 3).

⁽³⁾ Stjtið. EB L 128, 10.5.2001, bls. 32. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 908/2004 (Stjtið. ESB L 163, 30.4.2004, bls. 56).

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. apríl 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mariann FISCHER BOEL

framkvæmdastjóri.

—

I. VIÐAUKI

„IV. VIÐAUKI

Takmarkanir á notkun tiltekinna efna

(5. gr. þessarar reglugerðar)

Hámarksgildin fyrir notkun efnanna, sem um getur í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um þar, eru sem hér segir:

Efni	Notað með ferskum þrúgum, þrúgumusti, þrúgumusti í gerjun, þrúgumusti í gerjum fengnu úr léttþurrkuðum þrúgum, þrúgumustsþykki og nýju víni enn í gerjun	Notað með þrúgumusti í gerjun sem ætlað er beint til neyslu, víni sem hentar til framleiðslu borðvins, borðvíni, freyðivíni, loftblönduðu freyðivíni, hálfreyðandi víni, loftblönduðu hálfreyðandi víni, líkjörvíni og gæðavíni f.t.h.
Efnablöndur úr frumuvegg gersvepps	40 g/hl	40 g/hl
Koltvísýringur		hámarksinnihald í víni sem þannig er meðhöndlað: 2 g/l
L-askorbínsýra	250 mg/l	250 mg/l; hámarksinnihald í víni, sem þannig er meðhöndlað, má ekki fara yfir 250 mg/l
Sítrónusýra		hámarksinnihald í víni sem þannig er meðhöndlað: 1 g/l
Metavínsýra		100 mg/l
Koparsúlfat		1 g/hl, að því tilskildu að koparinnihald afurðarinnar, sem þannig er meðhöndluð, fari ekki yfir 1 mg/l
Viðarkol til vínfræðilegrar notkunar	100 g þurrvigt á hektólítra	100 g þurrvigt á hektólítra
Næringarsölt: díammóníumfosfat eða ammóníumsúlfat	1 g/l (gefið upp sem salt) (*)	0,3 g/l (gefið upp sem salt) til framleiðslu á freyðivíni
Ammóníumsúlfít eða ammóníumbísúlfít	0,2 g/l (gefið upp sem salt) (*)	
Vaxtarþættir: þíamín í formi þíamínhydróklóríðs	0,6 mg/l (gefið upp sem þíamín)	0,6 mg/l (gefið upp sem þíamín) til framleiðslu á freyðivíni
Pólývinýlpólýpýrrólídón	80 g/hl	80 g/hl
Kalsíumtartrat		200 g/hl
Kalíumfýtat		8 g/hl
Lýsósím	500 mg/l (**)	500 mg/l (**)
Dímetyldíkarbónat		200 mg/l; efnaleifar mega ekki vera greinanlegar í víni sem sett hefur verið á markað

(*) Þessar afurðir má einnig nota í samsetningar, upp að heildarstyrk sem er 1 g/l, með fyrirvara um 0,2 g/l mörkin sem eru sett hér að framan.
 (***) Ef því er bætt í bæði must og vín má heildarmagnið ekki vera meira en 500 mg/l.“

*II. VIÐAUKI**„IX. viðauki a***Kröfur varðandi dímetýldíkarbónat**

(15. gr. a í þessari reglugerð)

NOTKUNARSVIÐ

Heimilt er að bæta dímetýldíkarbónati í vín í eftirfarandi tilgangi: örverufræðileg stöðgun átappaðs vins sem inniheldur sykur sem getur gerjast.

KRÖFUR

- Aðeins má bæta efninu í rétt fyrir átöppun.
 - Aðeins má nota aðferðina á vín sem innihalda a.m.k. 5 g af sykri á hvern lítra.
 - Hámarksskammtur er fastsettur í IV. viðauka við þessa reglugerð og afurðin má ekki vera greinanleg í víni sem sett hefur verið á markað.
 - Afurðin verður að vera í samræmi við hreinleikaskilyrðin sem mælt er fyrir um í tilskipun 96/77/EB.
 - Aðferðin skal tilgreind í skránum sem um getur í 2. mgr. 70. gr. reglugerðar (EB) nr. 1493/1999.“
-